

Ed.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bondesen, Jens Erik Rosendal, Reykjavík, landbúnaðarverkamaður, f. í Danmörku 10. nóvember 1952. Fær réttinn 23. október 1971.
2. Hirche, Hedvig Bärbel, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 31. maí 1945.
3. Höfner, Zázilla, húsmóðir á Seyðisfirði, f. í Austurríki 12. júlí 1943.
4. Hunger, Fritz Martin, tónlistarmaður, f. í Þýzkalandi 24. apríl 1939.
5. Jørgensen, Hans Christian, Reykjavík, verzlunarmaður, f. í Danmörku 23. apríl 1926.
6. Kennedy, Molly Moffatt McCarthy, Reykjavík, rithöfundur. f. í Bandaríkjunum 20. ágúst 1943.
7. Pitt, Davis Louis Catham, Reykjavík, verzlunarmaður, f. í Englandi 15. febrúar 1946.
8. Samara, Issa George, Reykjavík, iðnverkamaður, f. í Jersúsalem 1. maí 1941.
9. Sólheim, Einar, Neskaupstað, verkamaður, f. í Noregi 7. ágúst 1931.
10. Vasulka, Bohuslav, Reykjavík, kvikmyndatökumaður, f. í Tékkóslóvakíu 20. janúar 1937.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 741 á 90. löggjafarþingi 27. apríl 1970.